

Nd.

172. Frumvarp til laga

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1948, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir 1947 öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948.

G r e i n a r g e r ð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér óbundið atkvæði. Frv. fylgdi þessi greinargerð:

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að fjárlög verða ekki afgreidd frá þinginu á þessu ári, þykir nauðsynlegt að veita ríkisstjórninni heimild til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði á árinu 1948, þar til fjárlög hafa verið samþykkt og staðfest, og er frv. þetta borið fram í þeim tilgangi.